LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2021
Tilvísun: 2103026/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til breytinga á hafnalögum

Landhelgisgæsla Íslands hefur fengið til umsagnar 509. mál, frumvarp til breytinga á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun).

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um nýtt ákvæði um rafræna vöktun í höfnum. Landhelgisgæsla Íslands telur afar mikilvægt að með þessu móti sé miðlun hafna á rafrænum upplýsingum veitt tilhlýðileg lagastoð. Stofnunin vill þó benda á að ekki sé rétt að takmarka heimild hafna til að miðla slíkum upplýsingum til Landhelgisgæslu Íslands við rannsókn sakamála, mannshvarfa og samgönguslysa. Æskilegt væri að heimilt sé að miðla slíkum upplýsingum með rafrænum hætti í rauntíma til Landhelgisgæslu Íslands vegna lögbundinna verkefna hennar.

Vaktstöð siglinga er rekin innan stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar og með vísan til 27. gr. reglugerðar nr. 80/2013 um Vaktstöð siglinga þá er máli sem komið er á hættustig vísað til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar. Önnur lögbundin verkefni Landhelgisgæslunnar þar sem rauntímagögn myndu gefa stofnuninni gleggri og skýrari mynd snúa meðal annars að skipakomum innlendra sem erlendra skipa. Í þeim tilvikum er stofnuninni er meðal annars heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að vísa skipum til hafnar, eða banna farartækjum að halda til hafnar.

Þar sem lögbundin hlutverk landhelgisgæslu Íslands eru afar fjölþætt, telur stofnunin það mikilvægt að heimild hafna til að miðla rafrænum gögnum í rauntíma verði ekki takmörkuð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
ICELAND
lhg@lhg.is
www.lhg.is
354-5452000
354-5452001